Breytt lega Norðurljósavegar

GRINDAVÍKURBÆR

Óveruleg breyting á
Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032

Sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. maí 2026

HMS Húsnæði Mannvirki Skipulag
Mótt.: 15. SEP. 2026
Málnr. 2026030599

Efnisyfirlit

1 Aðdragandi og tilgangur 1
2 Fyrirhugaðar vegarbætur 3
3 Samráð við hagaðila 3
4 Breytingar á aðalskipulagsgögnum 5
5 Umhverfismat 11

Unnið af ráðgjafarfyrirtækinu Alta
Árni Geirsson
www.alta.is
A1742-001-U05

1 Aðdragandi og tilgangur

Við endurtekin eldgos í Sundhnúksgígaröðinni á undanförnum misserum hefur hraun runnið yfir Grindavíkurveg og hluta Norðurljósavegar. Þannig rofnaði vegasamband Grindavíkur til norðurs og aðal vegtenging Bláa lónsins við Grindavíkurveg. Þessar tengingar eru gríðarlega mikilvægar sem flóttaleiðir í Svartsengi og fyrir varnir innviða, auk þarfa fyrirtækjanna sem þarna starfa.



Vegna þessara ríku almannahagsmuna og með vísun í heimild til framkvæmda á forsendum neyðarástands, var Grindavíkurvegur (43) lagður að nýju yfir hraunið og Norðurljósavegur (426) lagður nýja leið, að hluta í vegstæði vinnuvegar sem fyrir var. Í ljós hefur komið að þessi bráðabirgðaútfærsla Norðurljósavegar er óörugg og oft hefur legið við slysum. Endurbætur, sem felast í lítillega breyttri veglínu og nýrri útfærslu gatnamóta við Grindavíkurveg, eru því mjög brýnar.

Bæjarstjórn hefur samþykkt breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 sem heimilar framangreindar úrbætur. Bæjarstjórn telur að málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, sem kveður á um óverulegar breytingar á aðalskipulagi, eigi við í þessu tilfelli. Horfa þarf til þess

að kringumstæður eru nokkuð óvenjulegar vegna þess hvernig ný lega Norðurljósavegar er til komin. Þótt lega hans sé nokkuð frábrugðin því sem sýnt er á skipulagsuppdrætti aðalskipulagsins, vegna eldsumbrota og byggingu varnargarða, verður að líta svo á að núverandi veglína sé það skipulag sem verið er að breyta. Getur sú breyting á engan hátt talist veruleg.

2 Fyrirhugaðar vegabætur

Fyrirhugaðar breytingar á Norðurljósavegi felast aðallega í tvennu:

- Breytt veglína á um 300 metra kafla, þar sem vegurinn mun fara yfir áður óraskað land. Þessi breyting bætir verulega planlegu vegarins og stöðugleika umferðar sem eftir honum fer.
- Gatnamót Norðurljósavegar við Grindavíkurveg verða endurbætt, með útfærslu sem ræðst á hönnunarstigi. Grindavíkurvegur er beinn á þessum kafla og býður upp á hraða umferð, sem veldur hættu þegar vegfarendur beygja inn á Grindavíkurveg af Norðurljósavegi.

Breytingarnar sjást á myndinni hér fyrir neðan, innan rauðra ramma.



Brýnt er að ráðast í þessar breytingar sem fyrst, vegna öryggis vegfarenda.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaleyfi verði gefið út á grunni aðalskipulags þegar þessi breyting hefur tekið gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

3 Samráð við hagaðila

Til þess að tryggja að aðalskipulagsbreytingin gangi ekki gegn hagsmunum þeirra fyrirtækja sem starfa á svæðinu eða valdi raski umfram það sem búast má við, var óskað eftir umsögn eftirfarandi aðila um drög að þessari aðalskipulagsbreytingu:

- Vegagerðin
- Bláa lónið
- HS Orka
- Northern Light Inn
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Landeigendafélag Járngerðarstaða og Hópstorfu
- Veðurstofan

Hér eru dregin fram þau meginatriði sem fram komu í umsögnum þessara aðila en ekki staldrað við minniháttar ábendingar.

Vegagerðin

Gerir ekki efnislegar athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

Bláa lónið

Fyrirtækið fagnar breytingunni, hvetur til þess að gatnamót við Grindavíkurveg verði útfærð sem hringtorg og leggur áherslu á góðan frágang.

HS Orka

Samþykkir breytinguna og leggur áherslu á að Vegagerðin hafi samráð vegna legu lagna.

Northern Light Inn

Telur að breytingin hafi ekki áhrif á aðkomuleiðir og gerir ekki athugasemdir.

Umhverfis- og orkustofnun

Bendir á nálægð vega við borholur og lagnir og leggur til færslu veglínu. Minnt er á sérstaka vernd sem kveðið er á um í 61. gr. laga um náttúruvernd og ákvæði vegalaga um veghelgunarsvæði. Áhættugreining er talin nauðsynleg.

Náttúruverndarstofnun

Dregin eru fram ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd, einkum vegna nútímahrauna, sem forðast beri að raska nema brýna nauðsyn beri til. Óskað er eftir því að fjallað sé um umrædd fyrirbæri og hvernig reynt verður að forðast að þeim sé raskað.

Landeigendafélag Járngerðarstaða og Hópstorfu

Fallist er á breytinguna en minnt á nauðsyn samráðs milli Vegagerðarinnar og HS Orku.

Veðurstofa Íslands

Gerir ekki athugasemdir.

Brugðist hefur verið við ofangreindum umsögnum með því að bæta inn í skilmála fyrir umræddа vegi að í gögnum með framkvæmdaleyfisumsókn þurfi að gera grein fyrir því hvernig tekið er tillit til lagaákvæða um náttúruvernd. Breytingar sem hér um ræðir eru á svæði þar sem hliðstæðir mikilvægir innviðir eru fyrir og engin ástæða til að ætla að önnur forgangsröðun náttúruverndar og samfélagshagsmuna eigi við nú en þegar þessir innviðir voru reistir. Ekki er því tilefni til sérstakra rannsókna í þessu samhengi, heldur mikilvægt að aðalskipulagsbreytingin nái fram að ganga sem fyrst, vegna umferðaröryggis.

Ábendingar um áhættugreiningu og samráð milli þeirra aðila sem bera ábyrgð á ómissandi innviðum á svæðinu eru mikilvægar og verður fylgt eftir en leiða ekki til sérstakra ákvæða í aðalskipulagi.

4 Breytingar á aðalskipulagsgögnum

Hafa þarf í huga að mjög verulegar breytingar hafa orðið á landnotkun og innviðum í Grindavík vegna eldsumbrota undanfarin ár og neyðarviðbragðs við þeim. Alþingi samþykkti lög nr. 84/2023 um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesi en á grunni þeirra laga voru reist umfangsmikil varnarvirki umhverfis Svartsengi og þéttbýli í Grindavík. Umræddar framkvæmdir, ásamt hraunrennsli frá eldgosum í Sundhnúksgígaröðinni, hafa að ákveðnu marki kollvarpað forsendum gildandi aðalskipulags, þ.á.m. á Svartsengissvæðinu. Fyrirkomulag veigamikilla mannvirkja er því í ósamræmi við gildandi aðalskipulag. Við þessu þarf að bregðast með heildarendurskoðun aðalskipulagsins eftir að náttúruhamförum lýkur og telja verður líklegt að ráðist verði í endurskoðun aðalskipulagsins á nýju kjörtímabili. En á þessu stigi telur sveitarfélagið brýnt í ljósi almannahagsmuna að tryggja nauðsynlegar úrbætur á Norðurljósavegi ásamt vegtengingu inn á Grindavíkurveg á meðan heildstæðari endurskoðun ýmissa annarra þátta aðalskipulagsins þurfa að bíða lengur.

Myndin til hliðar sýnir með rauðri brotalínu hvar breyting er gerð, efst á þéttbýlisuppdrætti.

Breytingar verða á greinargerð og þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins sem hér segir.

Í kafla 2.3.1 er sett fram stefna um vegi, götur og stíga. Þar segir m.a.:

> *Grindavíkurvegur verður breikkaður og aksturssstefnur aðskildar á skipulagstímabilinu og lögð er áhersla á að fyrsti áfangi við breikkun vegarins verði frá gatnamótum Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar að gatnamótum Norðurljósavegar (við Bláa Lónið) og Grindavíkurvegar.*

Með breytingunni bætist eftirfarandi texti við:

> *Gert er ráð fyrir endurbótum á nýrri legu Norðurljósavegar (þ.e. legu hans eftir eldsumbrot) milli Grindavíkurvegar og Bláa lónsins til að tryggja örugga og greiða umferð. Ennfremur er gert ráð fyrir endurbættum gatnamótum Norðurljósavegar og Grindavíkurvegar í sama tilgangi.*

Í töflu 14 yfir stofnvegi er gerð breyting á lýsingu sem á við Grindavíkurveg:

Fyrir breytingu:

VEG NR.	HEITI	LÝSING
43	Grindavíkurvegur	Grindavíkurvegur er stofnvegur sem tengir Grindavík við Reykjanesbraut. Vegurinn liggur frá Reykjanesbraut og er á tæplega 3 km kafla innan Reykjanesbæjar og sveitarfélagsins Voga.

Eftir breytingu:

VEG NR.	HEITI	LÝSING
43	Grindavíkurvegur	Grindavíkurvegur er stofnvegur sem tengir Grindavík við Reykjanesbraut. Vegurinn liggur frá Reykjanesbraut og er á tæplega 3 km kafla innan Reykjanesbæjar og sveitarfélagsins Voga. Gert er ráð fyrir breytingum á veglínu sem nauðsynlegar kunna að reynast vegna afleiðinga náttúruhamfara, þ.á.m. ráðstöfunum til að tryggja umferðaröryggi. Gögn með framkvæmdaleyfisumsókn geri grein fyrir því hvernig tekið er tillit til lagaákvæða um náttúruvernd.

Í töflu 15 yfir tengivegi er gerð breyting á lýsingu sem á við Bláalónsveg/Norðurljósaveg:

Fyrir breytingu:

VEG NR.	HEITI	LÝSING
43	Bláalónsvegur/Norður ljósavegur	Liggur frá Grindavíkurvegi norðan við Bláa Lónið og fer þaðan vestan megin við fjallið Þorbjörn og tengist inn á Nesveginn við jaðar þéttbýlis Grindavíkur.

Eftir breytingu:

VEG NR.	HEITI	LÝSING
43	Norðurljósavegur	Hraunrennsli hefur skipt upprunalegri legu vegarins milli Grindavíkurvegar og Nesvegar í þrjá hluta. Gert er ráð fyrir breytingum á veglínu sem nauðsynlegar kunna að reynast vegna afleiðinga náttúruhamfara, þ.á.m. ráðstöfunum til að tryggja umferðaröryggi. Gögn með framkvæmdaleyfisumsókn geri grein fyrir því hvernig tekið er tillit til lagaákvæða um náttúruvernd.

Reitur VÞ9, í kafla 2.2.2, bls. 10.

Fyrir breytingu

NR.	HEITI	STÆRÐ/HA	SKILMÁLAR
VÞ9	Bláa lónið - hótel og baðstaður	49,3	Verslun og þjónusta ásamt hóteli. Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Hámarks leyfileg vatnshæð lónsins er 23 m.y.s.

Eftir breytingu:

NR.	HEITI	STÆRÐ/HA	SKILMÁLAR
VÞ9	Bláa lónið - hótel og baðstaður	31,3	Verslun og þjónusta ásamt hóteli. Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Hámarks leyfileg vatnshæð lónsins er 23 m.y.s. Mannvirki og fyrirkomulag innan reitsins, sem og afmörkun hans, endurspegla ráðstafanir sem gerðar hafa verið vegna náttúruhamfara, á grunni sérstakra lagaheimilda.

Breytingar á þéttbýlisuppdrætti eru sýndar á næstu þremur síðum.

Fyrsta myndin er til skýringar og sýnir hvernig hraun og varnargarðar liggja samanborið við afmarkanir á þéttbýlisuppdrætti gildandi aðalskipulags. Síðan koma myndir sem sýna updráttinn fyrir og eftir breytingu, í upprunalegum skala.



Skýringarmynd sem sýnir hvernig hraun og varnargarðar leggjast yfir þéttbýlisuppdrátt í Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032. Skali 1:20.000. Rauð punktalína sýnir afmörkun myndanna á næstu tveimur síðum. Táknskýringar aðalskipulagsuppdráttar eru á bls. 10.



Hluti af þéttbýlisuppdrætti í Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 fyrir breytingu, skali 1:10.000.



Hluti af þéttbýlisuppdrætti í Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 eftir breytingu, skali 1:10.000.

- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Opin svæði
- Óbyggð svæði
- Vötn, ár og sjór
- Verslun- og þjónusta
- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Gönguleið
- Reiðleið
- H — Hitaveita
- V — Vatnsveita
- R — Rafveita, loftlína
- R — Rafveita, neðanjarðar

5 Umhverfismat

Breyting á legu Norðurljósavegar, frá þeirri legu sem hann er í núna, hefur þau einu áhrif á yfirborð lands að áður óraskað land er tekið undir veginn á um 300 metra kafla. Flatarmál þessa óraskaða lands er um 3.000 m^2. Að auki kann lítilsháttar af áður óröskuðu yfirborði að fara undir ný gatnamót við Grindavíkurveg. Ekki er kunnugt um neitt sem gerir þetta yfirborð sérstakt, annað en að það er á nútímahrauni og fellur því undir sérstaka vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Sömu sjónarmið um forgangsröðun náttúruverndar og samfélagshagsmuna og leiddu til núverandi mannvirkja á svæðinu eru talin eiga við. Nærumhverfi umræddra breytinga er að verulegu leyti raskað.

Reitur VÞ9 er smækkaður í samræmi við legu varnargarða en það er ekki talið hafa nein umhverfisáhrif.

Núllkostur, þ.e. að bæta ekki gatnamótin og legu vegarins, er ekki talinn raunhæfur í ljósi slysahættu.

Til frekari glöggvunar eru hér á eftir settar fram upplýsingar um atriði sem kallað er eftir í gátlista Skipulagsstofnunar fyrir óverulegar aðalskipulagsbreytingar, þ.e. málsmeðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

1a: Víkur tillagan verulega frá meginstefnu aðalskipulagsins?

Nei, tillagan er í góðu almennu samræmi við stefnu skipulagsins.

1b: Er ný landnotkunarskilgreining annars eðlis eða samræmist illa núverandi ástandi eða skilgreindri landnotkun á svæðinu? Til dæmis áform um athafna- eða iðnaðarsvæði á óbyggðu landi.

Nei.

1c: Eykst umfang landnýtingar verulega umfram það sem fyrir er eða fyrirhugað samkvæmt skipulagi? Til dæmis áform um verulega aukningu á byggingarmagni eða starfsemi.

Nei.

1d: Nýtur svæðið verndar svo sem vegna náttúru- og/eða menningarminja?

Áður óraskað land á um 300 metra kafla liggur um nútímahraun sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

2a: Er stækkun reits eða landfræðilegt umfang nýs landnotkunarreits verulegt? Sem viðmið má almennt líta á 3 ha sem verulega breytingu, þótt það sé háð mati hverju sinni.

Nei.

2b: Felur tillagan í sér ákvæði um byggingarmagn eða starfsemi sem hefur áhrif á stórt svæði?

Nei.

2c: Er tillagan líkleg til að hafa veruleg áhrif innan og/eða fyrir utan skipulagssvæðið? Getur til dæmis varðað umhverfisáhrif svo sem af völdum loftmengunar eða að fyrirhuguð uppbygging

hafi áhrif á sambærilega landnotkun/landnýtingu annarsstaðar í sveitarfélaginu eða bein áhrif á aðliggjandi svæði.

Breytingin bætir verulega umferðaröryggi og hefur þannig jákvæð áhrif á samfélagið í heild.

3a: Er breytt landnotkun eða landnýting samkvæmt tillögunni líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, svo sem vegna hávaða, lyktar, titrings, ryks, ásýndar eða umferðar?

Nei, sjá yfirlit yfir umsagnir í kafla 3.

3b: Leiðir breytt landnotkun til þess að verðmæti eða hagnýting fasteignar skerðist umfram það sem vænta má miðað við óbreytta landnýtingu eða óbreytt skipulag?

Nei.

Áritun

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt á 596. fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 13. maí 2026.

Bæjarstjórinn í Grindavík

f.h. Grindavíkurbæjar, bæjarstjóri

Breyting þessi var staðfest af HMS þann 2. september 2026

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, HMS

Breyting þessi var auglýst af HMS í B-deild Stjórnartíðinda þann _____